



Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 3. febrúar 2025

MSS25010158

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 28.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um að gerð verði úttekt á túlkun grunnskóla í Reykjavík á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla við lok 10. bekkjar

Lögð fram svohljóðandi tillaga Sóleyjar Mjallar Ásgeirsdóttur fulltrúa í ungmennaráði Kjalarnes.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skál úttektin fara fram skólaárið 2026-2027.

Greinargerð:

Borið hefur á óánægju í samfélaginu varðandi einkunnakerfi grunnskóla. Í samtali milli grunnskólanema má augljóslega greina ósamræmi í einkunnagjöf eftir skólum. Dæmi um þetta ósamræmi eru t.d. þær námskröfur sem gerðar eru fyrir einkunnina A á milli grunnskóla. Slíkt ójafnvægi í einkunnagjöf hefur veruleg áhrif á möguleika nemenda til framhaldsnáms og ýtir undir ójöfnuð meðal ungmenna borgarinnar og því nauðsynlegt að gera úttekt og meta hver raunveruleg staða er.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ungmennaráð Kjalarness leggur til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera úttekt á túlkun grunnskóla í borginni á matsviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þessi tillaga mjög skiljanleg í ljósi þess að sú einkunnagjöf sem nú er notuð byggir að miklu leyti á mati og túlkun kennara á mörgum ólíkum hæfnisviðmiðum. Það er líka eðlilegar áhyggjur að ójafnvægi í einkunnagjöf geti haft áhrif á möguleika nemenda til framhaldsnáms og geti hugsanlega ýtt undir ójöfnuð. Frá því haustið 2022 hafa ekki hefðbundin samræmd könnunarpróf verið lögð fyrir grunnskólanemendur á Íslandi. Einsog bent hefur verið á hérna þá hefur það skapað ákveðinn losarabrag og nokkra óreiðu í skólasamfélaginu. Það var slæmt að leggja niður samræmdu prófin án þess að annað samræmt mat tæki við. Að því sögðu þá er Flokkur fólksins ekki samþykktur því að það eigi að taka upp samræmdu prófin eins og þau voru áður. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnur að innleiðingu nýs samræmds námsmatskerfis sem kallast Matsferill áætlað er að slíkt námsmat í íslensku og



Reykjavík



stærðfræði verðinnleitt í öllum grunnskólum á næsta skólaári. Fulltrúi Flokks fólksins bindur vonir þetta nýja námsmat og það verði til bóta fyrir allt skólasamfélagið í landinu.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík